

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt nýja deiliskipulagsáætlun og breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Í Þormóðsdal, lnr. 125606.

Nýtt deiliskipulag sem fékk meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga. Samkvæmt skipulaginu er markaður byggingarreitur þar sem fyrra hús stóð og kveðið á um leyfilega gerð og stærð nýs frístundahúss. Sínd er aðkoma frá Hafravatnsvegi og lega háspennulínu; Brennimelslínu; sem liggur yfir lóðina. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn 6. júlí 2016.

Laxatunga 136-144, Leirvogstungu.

Breyting á deiliskipulagi sem fékk meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Breytingin gengur út á að í stað tveggja hæða raðhúss komi einnar hæðar raðhús á lóðirnar, 5 íbúðir með innbyggðum bílskúrum. Meginbyggingarreitur stækki en byggingarreitir fyrir útbyggingar falli út. Húsgerð verði R-IJ (ný) í stað R-IIID og hámarksnýtingarhlutfall samstæðunnar 0,4. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn 6. júlí 2016.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 26. ágúst 2016,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2016